

Föstudaginn 17. maí 1988.

Nr. 125/1988.

Alma Hansen

gegn

Gylfa S. Guðmundssyni,

Guðrúnu Skarphéðinsdóttur og

yfirborgarfógetanum í Reykjavík

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af Helgu Jónu Benediktsdóttur, fulltrúa yfirborgarfógeta, 29. apríl 1988.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar 29. apríl sl., en kærugögn bárust dóminum 4. þ.m. Skilja verður kærana svo að þess sé krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna fjárnám. Á hendur yfirborgarfógeta er höfð uppí sú kröfugerð að hann verði dæmdur solidarískt með varnaraðilum til greiðslu kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hefur ekki borist greinargerð.

Sóknaraðili beinir fjárnámskröfunni að félagsbúi stefndu, Gylfa og Guðrúnar, en fjárnámsheimildin er dómur á hendur Gylfa einum. Sóknaraðili telur því ekki hafa verið andmælt í héraði að kröfunni var stefnt gegn félagsbúi þeirra hjóna. Hann krafðist fjárnáms í hluta húseignarinnar nr. 27 við Freyjugötu í Reykjavík, en stefnda Guðrún fékk afsal fyrir eign þessari 6. maí 1987 og var hún gerð séreign hennar með kaupmála 31. júlí s.á. Fógeti kvað upp úrskurð án forsendna, sem hljóðar svo: „Krafa gerðarbeiðanda, Ölmú Hansen um að fjárnám verði gert í Freyjugötu 27, er ekki tekin til greina.“

Hinn kærði úrskurður verður ekki borinn undir Hæstarétt með kæru sbr. a-lið 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.